

# Löglegur og ábyrgur rekstur spilakassa

Jóhannes Rúnar Jóhannsson fjallar um rekstur spilakassa: "Markviss, upplýst og opinber umræða um spilafíkn er af hinu góða, því hún hvetur þá sem haldnir eru slíkri áráttu til að endurmeta stöðu sína og leita sér aðstoðar."



Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Spilakassar hafa verið til umfjöllunar í Morgunblaðinu undanfarna viku. Í samantekt blaðsins síðastliðinn sunnudag var meðal annars rætt við Ólaf M. Ólafsson, sem hefur haldið því fram að rekstur spilakassa á Íslandi sé ólöglegur samkvæmt almennum hegningarlögum. Hér er um að ræða alvarlega ásökun. Hún er til allrar hamingju á misskilningi byggð.

Rekstur spilakassa er leyfður á Íslandi eins og í nágrannalöndum okkar, þar með talið Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Álit þeirra sem til þekkja er að íslenska rekstrarfyrirkomulagið sé til fyrirmyndar og eftirsóknarvert fyrir aðra, þar eð hagnaður af rekstri spilakassanna rennur óskiptur til góðra málefna í þágu samfélagsins.

Hér á landi má rekja rekstur kassa til 1972 þegar Rauði kross Íslands hóf rekstur söfnunarkassa. Í dag eru rekstraraðilar spilakassa tveir, Íslandsspil, sem eru í eigu Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ, og Hapdrætti Háskóla Íslands. Íslandsspil og hapdrættið lúta ólíkum skilyrðum til reksturs spilakassa. Þótt margt sé líkt með rekstrinum er starfsemin ólík í grundvallaratriðum.

## Rekstur spilakassa byggist á lögum

Starfsemi Íslandsspila byggist á lögum nr. 73/1994 um söfnunarkassa og starfsleyfi dómsmálaráðherra. Félagið rekur um 600 kassa í söluturnum og á vínveitingahúsum. Hámarksvinningur er 10.000 krónur í söluturnum og 100.000 krónur á vínveitingahúsum. Ekki er um uppsöfnunarpott að ræða líkt og í kössum hapdrættisins. Ágóðinn skilar sér allur til samfélagsins í gegnum starfsemi Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ.

Starfsemi Hapdrættis Háskóla Íslands er byggð á heimild í lögum nr. 13/1973 um hapdrættið. Dómsmálaráðherra hefur veitt hapdrættinu heimild til reksturs spilakassa. Rekur það nú um 350 kassa á vínveitingahúsum og í sérstökum spilasölum (Gullregni/Gullnámu). Hámarksvinningur er 800.000 krónur í Gullregni og hærri í Gullnámu, þar sem er uppsöfnunarpottur. Ágóðinn rennur til húsbygginga og fleiri verkefna innan Háskólans.

Rekstur spilakassa er samkvæmt framansögðu lögmætur. Hann á sér stoð í heimild löggjafans, þ.e. lögunum, og heimild framkvæmdavaldsins, þ.e. starfsleyfi veittu af ráðherra á grundvelli laganna. Löggjafanum er án efa heimilt að mæla svo um í lögum, að tiltekin háttsemi sé heimil að ákveðnum skilyrðum uppfylltum þótt slík starfsemi sé almennt bönnuð og jafnvel refsiverð. Almenn hegningarlög verður að skýra til samræmis við önnur lög. Háttsemi sem sérstaklega er lýst lögmæt í lögum getur ekki orðið grundvöllur refsíábyrgðar. Fullyrðing um að rekstur spilakassa sé andstæður almennum hegningarlögum er því á misskilningi byggð.

## Lækka mætti vinninga

Við sem stöndum að rekstri Íslandsspila erum meðvituð um þá hættu sem stafar af spilafíkn og afleiðingum hennar fyrir viðkomandi og fjölskyldur þeirra. Okkur er einnig ljós sú ábyrgð sem fylgir rekstri spilakassa. Íslandsspil hafa á liðnum árum verið leiðandi í ástundun ábyrgar stefnu þar sem megináhersla hefur verið lögð á:

Að fyrirbyggja þátttöku ungmenna undir 18 ára aldri.

Að afla upplýsinga um spilahegðun Íslendinga.

Að auka líkur á að þeir sem haldnir eru spilafíkn leiti sér hjálpar.

Að styðja við starf þeirra sem aðstoða fólk sem haldið er þessari fíkn.

Afstaða Íslandsspila er skýr að því leyti að það er ekki vilji félagsins að einstaklingar sem haldnir eru spilafíkn spili í kössum á þess vegum.

Þótt margt hafi áunnist má vafalaust gera betur í þeirri viðleitni að draga úr hættu á spilafíkn. Að því marki hefur verið og verður áfram unnið innan Íslandsspila. Það er skoðun okkar að rétt sé að lækka vinninga í spilakössum hér á landi til samræmis við nágrannalönd okkar, þannig að hámarksvinningur nemi aldrei hærri fjárhæð en 15-20.000 krónum.

Forsenda slíkra breytinga er að sömu eða sambærileg lög gildi um starfsemi þeirra sem reka spilakassa. Þessi breyting hefði það í för með sér að uppsöfnunarpottur Hapdrættis Háskóla Íslands yrði aflagður og hámarksvinningur í öðrum kössum þess myndi lækka úr 800.000 krónum í 15-20.000 krónur. Hámarksvinningur í kössum Íslandsspila myndi að sama skapi lækka úr 100.000 krónum í sömu fjárhæð. Með þessari ákvörðun mætti draga verulega úr neikvæðum áhrifum spilakassa hér á landi og ásókn spilafíkla í þá.

## Ábyrg umræða leiðir til framfara

Sumir sem fjallað hafa um spilafíkn hafa ítrekað tengt vanda þeirra sem haldnir eru spilafíkn við spilakassa. Kannanir sýna að þessi nálgun er villandi því hlutfall spilafíkla er jafnvel enn hærra meðal þátttakenda í bingói, veðspilum og ýmsum öðrum peningaleikjum hér á landi. Mikilvægt er því að meta aðstæður heildstætt þegar fjallað er um mögulegar úrbætur. Samkvæmt könnun á spilahegðun Íslendinga, sem IMG Gallup vann fyrir Íslandsspil árið 2000, gaf 1 prósent þeirra, sem spilað höfðu í Lottói árið fyrir könnunina, svörun um spilafíkn, 3,9 prósent þeirra sem spilað höfðu í Íslenskum getraunum/Lengjunni, 4,5 prósent þeirra sem spilað höfðu í bingói og 8,5 prósent þeirra sem tekið höfðu þátt í annars konar peningaleikjum en þessum og spilakössum. Sambærilegt hlutfall í spilakössum var 2,2 af hundraði. Þessar niðurstöður sýna að spilafíkn er ekki aðeins bundin við spilakassa hér á landi, heldur fyrirfinnst hún ekki síður, og jafnvel í enn meira mæli, í mörgum öðrum peningaleikjum.

Markviss, upplýst og opinber umræða um spilafíkn er af hinu góða, því hún hvetur þá sem haldnir eru slíkri áráttu til að endurmeta stöðu sína og leita sér aðstoðar. Mikilvægast er þó að slík umræða byggist á áreiðanlegum, ábyrgum og faglegum forsendum því einungis þannig getur hún leitt af sér bættan árangur til framtíðar.

*Jóhannes Rúnar Jóhannsson fjallar um rekstur spilakassa*

Höfundur er hæstaréttarlögmaður og stjórnarformaður Íslandsspila.

**Landsaðgangur** | **hvar.is**  
AÐ RAFRÆNUM ÁSKRIFTUM